

Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Garðabæ, 1. júní 2021
Mál nr. 2104498

Efni: Þorrasalir 37 - grenndarkynning

Á fundi skipulagsnefndar þann 27. maí sl var tekið fyrir ofangreint mál og eftirfarandi bókun gerð.

„Skipulagsnefnd Garðabæjar vísar til bókunar vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi sem náði til sömu lóðar og var send inn sem athugasemd við tillöguna. Ekki var tekið tillit til athugasemdarinnar við afgreiðslu málsins smbr. framlagt erindi Kópavogsbæjar dags. 14. október 2020.

Bókun Skipulagsnefndar 27.ágúst 2020 var svohljóðandi:

"Lög fram tillaga að breytingu deiliskipulagi Hnoðrahólts og Smalahólts í Kópavogi. Breytingin nær til lóðarinnar Þorrasalir 37 og gert ráð fyrir því að lóðin stækki til vestur sem nemur opnu svæði sem er vestan við lóðina að bæjarmörkum að Garðabæ. Byggingarreitur lóðarinnar stækkar einnig.

Skipulagsnefnd gerir athugasemd við að opið grænt svæði sé skert og minnir á að lítið er um opin svæði í deiliskiplagi Hnoðrahólts í Kópavogi. Í greinargerð deiliskipulags segir um opin svæði: "Deiliskipulagssvæðið liggur að stóru opnu svæði til austurs og suðurs. Inni í hverfinu verða græn svæði sem nýtast fyrir gönguleiðir, leiksvæði og trjárækt. Opin svæði til leikja og útiveru innan deiliskipulagsins þ.e. grenndarvelli, trjáræktarsvæði, ásamt leikskóla tengjast með stígum."

Skiplagsnefnd bendir á að þau opnu grænu svæði sem deiliskipulagið getur um eru Garðabæjarmegin sveitarfélagsmarka og þessu hefur verið gætt í tilögu að deiliskipulagi Hnoðrahólts norður sem nú er í auglýsingu að græn svæði séu milli núverandi byggðar í Kópavogi og hinnar nýju byggðar Garðabæjarmegin. Því er eðlilegt að Kópavogur sjái til þess að þau fáu svæði sem eru opin Kópavogsmegin séu óskert. ""

Afgreiðslu málsins er vísað til bæjarstjórnar.

Virðingarfyllst,

Arinbjörn Vilhjálmsson

Arinbjörn Vilhjálmsson
skipulagsstjóri



Vakin er athygli á því að erindi þetta verður ekki sent með bréfpósti nema óskað sé eftir því sérstaklega.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026